Fjölbrautaskóli Suðurlands

**Kennsluáætlun LÖGF2LÖ05** **Vorönn 2025**

**Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH)** ingunn@fsu.is

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum íslenskt réttarkerfi, lagasetningaferlið og hvernig lög verða til. Helstu stofnanir réttarkerfisins og hlutverk þeirra verða kynntar.

**Áfangamarkmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- ✓ grunnatriðum lögfræðinnar
- ✓ löggjafarvaldinu og hlutverki Alþingis
- ✓ meginatriðum í íslenskri stjórnskipan
- ✓ helstu hugtökum sem lúta að réttindum og skyldum þjóðfélagsþegna

**Leikniviðmið:**
Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- ✓ leita og vísa í lög sér til fróðleiks og upplýsinga
- ✓ taka þátt í samræðum um grundvallaratriði réttarkerfisins og hlutverki ýmissa stofnanna

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ gera sér grein fyrir mikilvægi þrískiptingu ríkisvaldsins
- ✓ gera sér grein fyrir mikilvægi og hlutverki stjórnsýslulaganna
- ✓ vera ábyrgur borgari í íslensku réttarríki

**Kennsluefni: Lögfræði fyrir viðskiptalífið.**




**Höfundur:** Björn Jón Bragason (fæst hjá kennara)

**Námsmat: Lotupróf 60%**

**Verkefni 35%**

**Mæting og virkni í tíma 5%**

**Próf:** Á önninni verða 4 próf. **<u>Meðaleinkunn prófa þarf að vera að lágmarki 5</u>** til að nemandi standist áfangann og krafa er um að nemandi nái að lágmarki 4,5 í þremur prófum af fjórum.

**Verkefni:** ***<u>Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma því dregið er niður fyrir sein skil 0,5 fyrir hvern dag og eftir 7 daga er ekki gefið hærra en 5 fyrir verkefnið. Ekki er hægt að skila verkefni eftir að kennari hefur skilað inn einkunn fyrir verkefnin.</u>*** **Ath. tímasetning prófa getur breyst en prófdagar verða auglýstir á Innu í síðasta lagi viku fyrir próf.**

**Nemendur skulu tala við kennara ef þeir ætla að nýta gervigreind í verkefnavinnu. Skýrar heimildir eru hjá háskólum um notkun gervigreindar og félagsvísindadeildin styðst við þær sem ramma.**

i. **Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.**

ii. **Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni sem gervgreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.**

iii. **Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið.**

iv. **Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.**

## Áætlun um yfirferð (birt með fyrirvara um breytingar):

| Vika | Námsefni (kennslubók) |
|---|---|
| 15. – 17. jan | Kafli 1; Lög og réttur |
| 20. – 24. jan | Kafli 1; Lög og réttur<br>Kafli 2; Handhafar ríkisvaldsins og mannréttindi |
| 27. – 31. jan | Kafli 2; Handhafar ríkisvaldsins og mannréttindi<br>**Próf úr köflum 1-2** |
| 03. – 07. feb | Kafli 3; Dómstólar |
| 10. – 14. feb | Kafli 3; Dómstólar<br>Kafli 4; Verslun og viðskipti |
| 17. – 21. feb | Kafli 4; Verslun og viðskipti<br>Kafli 5; Neytendavernd |
| 24. – 28. feb | Kafli 5; Neytendavernd<br>**Próf úr köflum 3-5** |
| 03.– 07. mars | Kafli 6; Samningsgerð bls. 98-102<br>Kafli 7; Kröfur og skuldaskil |
| 10.– 14. mars | Kafli 8; Atvinnulíf |
| 17. – 21. mars | **Kátu dagar / Flóafár** |
| 24. – 28. mars | **Próf úr köflum 6-8** |
| 31. – 4. apr. | Kafli 9; Skattar |
| 07. – 11. apríl | Kafli 10; Vinnumarkaður |
| | Páskafrí |
| 22. – 25. apríl | Kafli 11; Skaðabætur og vátryggingar |
| 28. – 02. maí | Kafli 12; Fasteignakaup<br>**Próf úr köflum 9-11** |
| 05. – 09. maí | Kaflar 13 og 14 |
| 12. – 13. maí | Skrap |

Ingunn Helgadóttir

Selfoss 14.janúar 2025